

## D ó m s o r ð:

Framangreint uppboðsafsal skal vera óraskað.

Áfrýjandi, Bjarnar Kristjánsson, greiði stefnda, Jóni Oddsyni, 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

**S é r a t k v æ ð i**  
**hæstaréttardómaranna Bjarna K. Bjarnasonar**  
**og Guðmundar Jónssonar.**

Sú málsástæða áfrýjanda að uppboðshaldari hefði átt að hefja uppboðsþingið 29. nóvember 1984 þar sem engin krafa hafi komið þar fram um að eignin yrði slegin hæstbjóðanda, sbr. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 57/1949, varðar framkvæmd uppboðsins sem ekki hefur verið áfrýjað. Teljum við málsástæðu þessa því ekki koma til álita við úrlausn málsins. Með þessari athugasemd erum við samþykkir dómsatkvæði meirihluta dómenda.

Miðvikudaginn 14. maí 1986.

Nr. 154/1986. **Ákærvaldið**

gegn

**Magnúsi Friðriki Óskarssyni**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. maí 1986, sem barst Hæstarétti 9. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 7. maí 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 7. maí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að Magnúsi Óskarssyni, til heimilis að Ferjubakka 10 hér í borg, fæddum 17.09. 1948 í Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 21. maí 1986 kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn XXIII. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

#### *Málavextir.*

Þann 6. maí sl. um kl. 06:43 var óskað aðstoðar RLR að Ferjubakka 10 hér í borg vegna andláts konu.

Fjórir menn voru í íbúðinni en sá fimmti hafði farið þaðan nokkru áður. Allir hafa þeir gefið skýrslu í málinu, en þeir voru undir áhrifum áfengis við handtöku.

Niðurstöður krufningar liggja eigi fyrir svo eigi er ljóst hvert banamein hinnar látnu er, en áverkar voru á líkinu og er eigi ljóst með hverjum hætti hún hefur hlotið þá.

Framburður þeirra fjögurra er voru gestkomandi í íbúðinni er í megindráttum samhljóða. Þeir hittu kærða, Magnús og Gunnhildi í Smiðjukaffi aðfaranótt þriðjudags og fóru síðan að Ferjubakka 10 þar sem sest var við áfengisneyslu. Síðla nætur hafi þau Magnús og Gunnhildur farið inn í svefnherbergi og dvalist þar góða stund. Ekki urðu gestir varir við átök en Sævar, einn þeirra, taldi sig heyra skarkala í lyftingartækjum. Þeir Sævar Erlendsson og Guðjón Kristjánsson hafa báðir borið að því næst hafi Magnús komið fram og beðið þá að athuga hvort Gunnhildur væri dái. Hafi þeir gert það og sagt Magnúsi að hringja á sjúkrahil strax. Grímur Grímsson hafi þá sofið ölvunarsvefni í stofu og Úlfar Theodórsson verið farinn úr íbúðinni.

Framburður kærða Magnúsar er í töluverðu ósamræmi við framburð Sævars og Guðjóns um aðdraganda andláts Gunnhildar. Einnig er misræmi í framburði þeim er kærði hefur gefið hjá RLR og fyrir dómi og því er

hann greindi lögreglu og sjúkraliði frá er kom á staðinn varðandi samskipti hans og hinnar látnu.

Brot það, er kærði er grunaður um, getur varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XXIII. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi og enn óljóst með hvaða hætti andlát Gunnhildar bar að. Verulegt misræmi er í framburði kærða og annarra og þykir því rétt með hliðsjón af framangreindu að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 21. maí 1986 kl. 17:00.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Magnús Friðrik Óskarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 21. maí 1986 kl. 17:00.

Miðvikudaginn 14. maí 1986.

Nr. 54/1984. **Einar Guðjón Ólafsson**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

**Steingrími Jónssyni**

**Molly Jónsson og**

**Ingbóri H. Guðnasyni**

(Benedikt Blöndal hrl.)

Fasteign. Fjölbýlishús.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. mars 1984. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu og þeim gert að greiða honum málskostnað in solidum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.